



Reykjavíkurborg

Dómsmálaráðuneytið
Borgartún 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2022

Efni: Umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um áform um lagasetningu, breyting á lögræðislögum (ýmsar breytingar).

Vísað er til máls nr. 209/2022 í samráðsgátt stjórnvalda er varðar áform um lagasetningu, breyting á lögræðislögum (ýmsar breytingar).

Í áformum um lagasetningu er varðar frumvarp til laga um breytingu á lögræðislögum (ýmsar breytingar) er vikið að samráði í f-lið. Í 1. tl. f-liðar eru tilgreindir þeir sem teljast helstu hagsmunaaðilar og er þar vísað til þeirra sem eru nauðungarvistaðir á sjúkrahúsi og lögræðissviptir, heilbrigðisstarfsfólk og annað starfsfólk sem starfar á sjúkrahúsum, sýslumenn og lögráðamenn.

Í þessu samhengi vill Reykjavíkurborg vekja athygli á því að félagsþjónusta sveitarfélaga er í mörgum tilfellum sóknaraðili lögræðissviptingarmáls, sbr. d-liður 2. tl. 7. gr. lögræðislaga nr. 71/1997. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur á árinu 2022 til að mynda komið að rúmlega 110 málum sem hlotið hafa meðferð á grundvelli lögræðislaga. Með vísan til þess telur Reykjavíkurborg mikilvægt að félagsþjónusta sveitarfélaga sé einnig tilgreind sem hagsmunaaðili í framangreindum 1. tl. f-lið.

Þá er velferðarsvið Reykjavíkurborgar reiðubúið að taka þátt í samráði varðandi breytingu á lögræðislögum enda umtalsverð þekking og reynsla til staðar þar sem málafjöldi sem kemur til meðferðar hjá sviðinu hefur verið vaxandi undanfarin ár. Vakin er athygli á því að í 4. tl. framangreinds f-liðar er hvorki félagsþjónusta sveitarfélaga eða Samband íslenskra sveitarfélaga tilgreint sem samráðsaðili.

Samhliða umsögn þessari er samantekt borgarlögmanns varðandi lögræðislög nr. 71/1997 og álitamál tengd þeim send til skrifstofu réttinda einstaklinga í dómsmálaráðuneytinu.

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar.

Virðingarfyllst,
f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Kristín Ösp Jónsdóttir,
lögfræðingur